LÍFSÞRÆÐIR

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Vefarinn **Ása Ólafsdóttir** sýnir tólf ný myndverk í hálfum vestri sal Kjarvalsstaða og lýkur sýningunni á sunnudagskvöld. Ása er vel þekkt og atorkusöm myndlistarkona, sem á að baki sjö sjálfstæðar sýningar og þar af eina í Kungälv í Svíþjóð, ásamt því að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga.

Einfaldir, hugnæmir vefir hafa verið sterkasta hlið hennar til þessa og svo er einnig um verkin á þessari sýningu, þótt hún noti nú einnig órólegar og sterkar sveiflulínur, sem geta í senn minnt á rafmagn og eldingar og skerí iðulega myndflötinn að endilöngu. Þetta kemur af stað meiri spennu í myndir hennar en menn eiga að venjast, en hér er öðru fremur um að ræða ytri spennu. Ólga á myndfleti þarf ekki endilega að vera tákn innri spennu, en mun þó vera að þessu sinni, því að listakonan virðist vera að vinna sig frá einhverju í fortíðinni, — stokka upp spilin.

Í sýningarskrá hefur Ása ritað nokkrar hugleiðingar: „Að baki er dauðinn, framundan lífið. Finna til, horfa inn á við. Líta út, yfir sjóinn, sjá fjöllin, jökulinn og sólarlagið, fanga augnablikið. Horfa út, sjá þokuna, rigninguna. Horfa út, finna grámann. Horfa út, sjá glytta í jökul, finna innri orku." Þessar hugleiðingar lýsa myndunum vel, því að maður skynjar í þeim margvíslegar lifanir frá umhverfinu, svo og persónulegar lifanir og orkustreymi.

Myndvefnaðurinn er á háu gæðastigi handverkslega séð, því að Ása kann sitt fag og hún hefur einnig þörf fyrir skynræna útrás í litum og formum, svo sem útfærsla verkanna ber með sér. Litagleðin er meiri en áður, en ég sakna þó hinna djúpu og dökku vefja, sem voru einkennandi fyrir hana á tímabili og voru á köflum göldrum líkastir.

En þetta er líkast til rökrétt framhald.

Eitt verka Ásu Ólafsdóttur.



Hallsteinn Sigurðsson

En svo er annað mál að oft er málmurinn í sjálfu sér fallegastur ólitaður og jafnvel kolryðgaður.

Allar þær myndir, sem Hallsteinn hefur gefið nafnið Fönsun og eru frá þessu ári, eru einfaldar og formhreinar og ég minnist þess naumast að hafa séð skilmerkilegri verk frá hans hendi. Þrályndið, sem vildi einkenna verk hans, er hér farið veg allrar veraldar og þessar myndir eru í mýkt sinni og áreynsluleysi líkastar því að hafa alltaf verið til.

Þá er þetta öllu fjölbreyttri sýning en maður hefur átt að venjast frá hendi Hallsteins og eftir því áhugaverð fyrir þá, sem hafa tilfinningu fyrir þessari tegund myndlistar. Má segja, að Hallsteinn Sigurðsson hafi hér uppskorið þá þolinmæði og þrautseigju, sem hann á til að bera í svo ríkum mæli. Ástæða er til að óska listamanninum til hamingju . . .

Árangurinn strax farinn að segja til sín

Nýstofnuð Samtök sparifjáreigenda stríða við stjórnmálamenn

ÞAÐ VAKTI athygli að Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra er búinn að draga verulega í land með fyrri yfirlýsingar sínar um skattlagningu sparifjár, ef marka má ummæli ráðherrans í sjónvarpsþættinum 19:19 í gærkvöldi.

Í sjónvarpsþættinum 19:19 í gærkvöldi voru Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra og Gunnar Helgi Hálfdanarson formaður Samtaka sparifjáreigenda gestir þáttarins. Tilefnið var yfirlýsing fjármálaráðherra um skattlagningu sparifjár. Í umræðunum, sem voru töluvert heitar á köflum, lýsti fjármálaráðherra yfir því að tekjur af sparifé almennings, hvort sem þær væru af sparisjóðsbókum eða verðbréfum, yrðu ekki skattlagðar. Á hinn bóginn sagðist Ólafur Ragnar Grímsson ætla að skattleggja „nýríka spekúlanta" og stórfyrirtæki.

Það var auðheyrt að fyrstu aðgerðir Samtaka sparifjáreigenda hafa haft þó nokkur áhrif þessa tvo sólarhringa sem samtökin hafa verið til. Boðun almenns borgarafundar um varnaraðgerðir sparifjáreigenda og viðnám gegn margsköttun sparifjár almennings hefur vafalaust átt nokkurn þátt í sinnaskiptum ráðherrans.

Undirtektir við fundarboðinu hafa verið góðar og söfnun félaga mjög árangursrík að sögn talsmanns samtakanna. Eins og áður er sagt, er opinn borgarafundur Samtaka sparifjáreigenda á Hótel Íslandi á laugardag, 1. október, kl. 14.00.

(Frá Samtökum sparifjáreigenda.)

LITGREINING MEÐ CROSFIELD

JÓLAFRÍ Í AUSTURRÍKI
SAALBACH HINTERGLEMM

Úrvals 2ja herb. íbúðir fyrir 2-4. Eldhús, svalir, sturta, salerni, útvarp og litasjónvarp, 8 rása gervihnöttur. Frábær staðsetning, rétt hjá skíðasirkus.
Heilsurækt: Sauna, rómverskt gufubað, heitur nuddpottur og glæsileg sundlaug. Aðgangur innifalinn í verði.
Frábær veitingastaður í hótelinu.
Verð fyrir íbúð fyrir 4 frá ca 4.500.- ísl.kr.
Farið frá Reykjavík 17. desember og flogið til Salzburgar. Ferðir til og frá Salzburg innifaldar í verði. Komið til Reykjavíkur 31. desember.

Tel. 9043/1643/6541/7331-0
Telefax 9043/1643/6541/7331-78

APART HOTEL ADLER
Hótel sem gott er að búa á

ROKKSKÓR OG BÍTLAHÁR



Svipmyndir úr sögu rokksins á árunum 1955-1970

Tveggja tíma samfelld skemmtidagskrá á Hótel Íslandi

Næstu tvær helgar, í kvöld, laugardaginn 1. október, föstudaginn 7. október og laugardaginn 8. október, verða sýningar á rokkskemmtuninni Rokkskór og Bítlahár á Hótel Íslandi.

Rokkskór og Bítlahár er flutt af samvöldu liði stórsöngvara. Þeir eru: Einar Júlíusson, Anna Vilhjálms, Sigríður Beinteinsdóttir, Karl Örvarsson, Ingvar Grétarsson, Júlíus Grétarsson, Sólveig Birgisdóttir, Ólöf Sigríður Valsdóttir og Þorsteinn Eggertsson. Hljómsveitin Pass ásamt nokkrum aukaliðsmönnum sér um allan hljóðfæraleik. 8 manna dansflokkur undir stjórn Jóhannesar Bachmann rokkar svo um munar. Sögumaður er Bjarni Dagur Jónsson, sá kunni útvarps- og sjónvarpsmaður. Höfundur og leikstjóri er Þorsteinn Eggertsson.
Þessi rokkskemmtun var flutt á liðnum vetri á Akureyri og vegna fjölda áskorana er hún nú tekin upp að nýju á Hótel Íslandi.

Borðapantanir fara fram í síma 687111. Góða rokkskemmtun.





Haukur Morthens og félagar leika dinnertónlist



Stjórnin og Kaskó

spila dansmúsík og verða í dúndrandi stuði til kl.3 í nótt

Miðaverð á dansleik kr. 750.-
Snyrtilegur klæðnaður.

Á NÆSTUNNI

Sunnudag kl. 14.30
Danskennarasamband Íslands
Dans-sýning

SUNNUDAGS-KVÖLD

Glæsileg opnunarhátíð á heimsbikarmótinu í skák.

HÓTEL ÍSLAND